

308. fundur Skólaneftndar FS

12. apríl 2011



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Fanney D. Halldórsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Hjálmar Árnason, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Andri Þór Ólafsson og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Innritun.
 2. Fréttir af vorkundi ráðuneytis.
 3. Staða mála.
 4. Önnur mál.

1. Innritun.

Skólameistari sagði frá stöðunni varðandi innritun fyrir haustönn. Alls völdu 234 grunnskólanemendur skólann sem aðal- eða varaval í forinnritun. Það er um 78% af árgangi sem eru lægra hlutfall en undanfarin ár. Ætlunin er að senda öllum nemendum 10. bekkjar á Suðurnesjum bréf og hvetja þá til að skrá sig í framhaldsskóla. Endanleg innritun fer fram í maí og júní. Af núverandi nemendum eru rúmlega 800 búnir að skrá sig til náms í haust. Auk þess eru 40 aðrir þegar búnir að sækja um skólavist en umsóknarfrestur er til 31. maí.

2. Fréttir af vorkundi ráðuneytis.

Skólameistari sagði frá fundi skólameistara framhaldsskólanna með ráðuneytisfólki. Enn er ekki ljóst hvort öllum undir 25 ára aldri verði boðin skólavist í framhaldsskólum eins og rætt hefur verið um. Búið er að taka saman yfirlit yfir námsframboð á Suðurnesjum og er stefnt að því að bjóða sem flestum undir þrítugu einhvers konar nám. Á fundinum kom fram að niðurskurður á næsta ári verði væntanlega 1-3%.

3. Staða mála.

Skólameistari sagði frá því að Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari kemur aftur til starfa í haust. Íris Jónsdóttir hefur óskað eftir launalausn leyfi næsta vetur. Tveir kennarar til viðbótar íhuga að sækja um leyfi og enn er ekki ljóst hvort kennarar sem voru í leyfi í vetur snúa aftur í haust. Ása Skúladóttir hættir störfum í vor. Enn er því ekki ljóst hve margar stöður þarf að auglýsa í vor en þær gætu orðið nokkrar. Skólameistari fór einnig yfir stöðuna varðandi fjármál skólans.


4. Önnur mál.

a) Rætt um lýsingu útilistaverks.

b) Verið er að vinna að gerð útboðsgagna vegna ræstinga og reksturs mótuneytis en reiknað er með að búið verði að ganga frá samningum í júní.

c) Tíu nemendum skólans verður boðið á hraðlestrarnámskeið sem haldið er á vegum Hraðlestrarskólans og Keilis. Vonast er til að námskeiðið verði upphafið að átaki varðandi námstækni á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari